

Velferðarnefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1803004
Hafnarfjörður, 20. mars 2018

Umsögn

40 stunda vinnuvika (stytting vinnutíma)

165. mál, frumvarp, 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldraáfrétti leggur áherslu á að foreldrar beri sem jafnasta ábyrgð á umönnun barna og að sama skapi á framfærslu barna. Það er sannfæring okkar að lög um fæðingarorlof nr. 95/2000 þar sem feður fengu fyrst sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs hafi verið eitt stærsta skref sem stigið hefur verið á Íslandi sem stuðlar að foreldraáfrétti. Þannig er Jafnvel þó barnalög nr. 76/2003 hefti samvinnu foreldra frekar en að styðja við hana, þá er samvinna foreldra sem ekki búa saman sennilega mest á Íslandi. Hugsanleg skýring á því er að feður sem tóku fæðingarorlof hafi fundið fyrir foreldraábyrgð á forsendum umönnunar í stað þess að vera fyrst og fremst framfærendur fjölskyldunnar. Þegar feður taka meiri þátt í umönnun barna á meðan foreldrar búa saman þá vilja þeir halda því áfram þó leiðir foreldra skilji. Hér er sagt að barnalög hefti samvinnu foreldra fremur en að styðja við hana. Það þarfnast útskýringa og þær útskýringar koma aftast í umsögn þessari.

Það er vel hægt að draga þá ályktun að lög um fæðingarorlof frá árinu 2000 hafi einnig haft veruleg áhrif á hlutfall atvinnutekna kvenna í samanburði við tekjur karla. Atvinnuþátttaka kvenna hefur verið að aukast um áratugi og atvinnutekjur kvenna sem hlutfall af tekjum karla tók kipp upp á við á árunum 2000 til 2003 samanber línurit hér að neðan. Hlutfallið heldur áfram að hækka og á sama tíma má áætla að umönnun feðra á börnum sínum hafi aukist.



Heimild: [Hagstofa Íslands](#).

[Hagstofa Íslands](#) segir óskýrðan launamun kynjanna hafa farið úr 4,8% í 3,6% á tímabilinu 2008 til 2016. Ein skýringin á því að atvinnutekur kvenna eru aðeins 73,4% af atvinnutekjum karla er starfshlutfall og vinnustundir í launaðri vinnu. Í umræðu um skort á [hjúkrunarfræðingum](#) á Íslandi hefur komið fram að kvennastéttin, hjúkrunarfræðingar, eru almennt í 70% starfshlutfalli.

Félag um foreldrajafrétti fagnar frumvarpi um styttingu vinnuvikunnar úr 40 stundum í 35. Stytting vinnuvikunnar gefur mæðrum aukin tækifæri til að vera í fullu starfi og þannig aukin tækifæri til launa sambærilegra við launa karla. Að sama skapi hafa feður og mæður, sem eru í fullri vinnu, meiri möguleika á að njóta samveru með börnum sínum. Samvera foreldra og barna er ein besta forvörn sem börn fá. Tilraunir á styttingu vinnuvikunnar hafa einnig gefið vísbendingar um bættu heilsu starfsmanna, aukna gleði og jafnvel aukna framleiðni hjá fyrirtækjum.

Lög um 40 stunda vinnuviku eru að verða 47 ára gömul. Ef öll sú tækni sem litið hefur dagsins ljós á þessum 47 árum getur ekki nýst fjölskyldum í landinu til þess að verja meiri tíma saman, þá erum við illa stödd.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, félagsráðgjafi MA
formaður Félags um foreldrajafrétti

Viðauki: Skýring á staðhæfingu um að barnalög styðji ekki við samvinnu foreldra

Stytting vinnuvikunnar getur styrkt foreldra til samvinnu rétt eins og lög um fæðingarorlof hefur gert jafnvel þó við búum við barnalög sem hefta á margan hátt samvinnu foreldra. Það er vel þekkt að mismunun (e. discrimination) hefur neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan einstaklinga og fjölskyldna og það er ekki óalgengt að mismunun og ofbeldi sé nefnt í sömu andrá sem áþekkir áhrifaþættir á líf fólks. Það ætti öllum að vera ljóst að þessir þættir styðja ekki við samvinnu á milli þeirra sem er mismunnað. Í barnalögum er foreldrum gróflega mismunnað á ýmsa vegu hvort sem foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eða annað foreldrið fari eitt með forsjá þess. Hér verða aðeins fjallað um þrjá þætti, sameiginlega forsjá, framfærslu og samvistir/umgengi.

- Það að fara með forsjá barns er í eðli sínu mikil ábyrgð. Til þess að standa undir þessari ábyrgð þurfa foreldrar að hafa rétt til ákvarðanatöku. Ábyrgð og réttur til ákvarðanatöku er sitt hvor hliðin á sama teningi sem ekki er hægt að aðskilja. Ábyrgð á ensku (e. responsibility) er nátengt hugtakinu (e. response ability) möguleikinn á að bregðast við eða taka ákvörðun. Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns á Íslandi eftir lagabreytingar 2012 þá hefur eingöngu lögheimilisforeldrið rétt til að standa undir ábyrgð sinni með ákvarðanatöku.
 - Lögheimilisforeldri eitt og sér hefur leyfi til að taka svokallaðar afgerandi ákvarðanir sem eru m.a. um hvar barn skuli eiga lögheimili, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, um venjuleg og nauðsynleg heilbrigðisþjónusta, um reglubundið ungbarnaeftirlit, lækniástoð vegna minni háttar kvilla og reglubundna tannlæknaþjónustu, um þjónustu sem heilbrigðisstarfsmenn mæla með, um hvers konar rannsóknir og greiningu og einnig meðferðir, lyfjagjöf og aðgerðir, um ákvarðanir um tómsundastarf, svo sem tónlistarskóla, íþrótt- eða félagsstarf sem barn stundar með reglubundnum hætti.
 - Forsjárforeldri sem ekki deilir lögheimili með barni hefur ekki rétt til að standa undir ábyrgð sinni með ákvarðanatöku í ofangreindum málum. Það hefur einungis heimildir til að taka ákvarðanir eins og um klæðaburð, mataræði, svefntíma, samskipti barnsins við aðra og afþreyingu eða tómsundir meðan umgengni varir. Rétturinn er bundinn við að umgengni fari raunverulega fram, þ.e. hann gildir meðan umgengni á sér stað.
 - Í barnalögum segir að þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ekki eru skilgreindar neinar meiri háttar ákvarðanir í barnalögum og í greinargerð er mælt með því að tekin sé afstaða í sérlögum til þessara álitaefna eftir því sem þörf krefur með tilliti til sérstakra sjónarmiða sem kunna að eiga við í hverjum málaflokki. Afar fáar ákvarðanir falla undir sameiginlegar ákvarðanir foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns en dæmi um það finnast í barnaverndarlögum og lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.
- Í kaflanum um framfærslu barns er ákveðið að foreldri sem ekki deilir lögheimili með barni fullnægi ekki framfærslu barns óháð öllu öðru. Hversu mikið foreldrið framfærir barnið með beinum hætti og hversu mikið barn dvelst á heimili þess hefur ekkert að segja. Lögheimilisforeldri getur á hvaða tíma sem og undir hvaða kringumstæðum sem er farið fram á meðlagsgreiðslur frá þessu foreldri frá deginum í dag og ár aftur í tímann og úrskurðarvaldi er óheimilt að úrskurða um minna en sem svarar einföldum barnalífeyri. Ráði foreldri ekki við greiðslur meðlags, þá er heil stofnun, Innheimtustofnun Sveitarfélaga, með það eina verkefni að elta uppi þessa foreldra til að ná af þeim peningum eða lýsa þá gjaldþrota annars. Á sama tíma fá lögheimilisforeldrar sjálfkrafa ýmiskonar stuðning vegna

framfærslu barns og geta í sömu vandræðum leitað eftir stuðningi af ýmsum toga til að mæta þörfum barnsins. Líkur eru á að börn fái ekki notið umönnunar foreldris sem það deilir ekki lögheimili með eins mikið og það sjálf og foreldri þess myndu vilja vegna fjárhagslegrar mismununar foreldra í kerfinu. Í [BA ritgerð](#) undirritaðs er fjallað um framfærsluskuldur foreldra sem ekki búa saman og opinberan stuðning við barnafjölskyldur.

- Eftir lagabreytingar frá 2012 er óhætt að segja að löggjafinn taki afstöðu gegn samvistun barns við það foreldri sem það deilir ekki lögheimili með. Í greinargerð með lögum nr. 61/2012 koma fram grófir fordómar gagnvart foreldrum sem ekki deila lögheimili með barni sínu. Í kafla 5.3.3. er sérstaklega varað við því að börn á dagvistunarlundi umgangist “umgengnisforeldri” utan lögheimilis þess. Aðeins er varað við því að umgengnisforeldri fari með barn í annað umhverfi. Ekki er fjallað um að ró og stöðugleika barns geti verið ógnað ef barn er sett í gæslu hjá dagforeldri, hjá afa og ömmu eða öðrum. Þá er ekki fjallað um að lögheimilisflutningur barns á milli landshluta geti raskar ró eða stöðugleika barns. Fordómarnir í greinargerðinni virðast byggjast á þekkingarleysi eða annarlegum tilgangi þar sem sálrænum stöðugleika barns er ruglað saman við lögfræðilega hugtakið “lögheimili” og að þeir sem ekki deili lögheimili með barni geti ekki tilheyrt “nánustu” aðstandendum barns. Það er vel þekkt að tilfinningatengsl byggja meira á gæði samveru en tíma og örugg tengslamyndun barns við umönnunaraðila, einn eða fleiri, byggir ekki á lögheimili þess. Í greinargerðinni er umönnunaraðili barns í eintölu og tengt beint við lögheimili þess þannig að hitt foreldrið er þá ekki umönnunaraðili í skilningi höfunda greinargerðarinnar. Í greinargerð er horft framhjá allri þekkingu á tengslamyndun barna síðustu 50 árin og kostum þess að vera með örugg tengsl við báða foreldra. Í [MA ritgerð](#) undirritaðs er fjallað nánar um fjölskyldustefnu stjórnvalda og hvernig þeirri stefnu hefur verið framfylgt.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Heimir Hilmarsson, félagsráðgjafi MA
formaður Félags um foreldrajafrétti